

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 11:00 þriðjudaginn 26. janúar 2021, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Örn Arnarson, Þórdís Bjarnadóttir og Tómas Árdal varamaður. Steinunn Heba Finnsdóttir var fjarverandi.

Áheyrnarfulltrúar: Álfhildur Leifsdóttir SSNV og Hilda Jana Gísladóttir SSNE

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri, Björn H. Reynisson og Halldór Óli Kjartansson

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna og óskaði fundarmönnum gleðilegs árs. Formaður fól svo framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

## Starfsáætlun

Starfsáætlun kynnt af framkvæmdastjóra sem sett er saman með hliðsjón af þeim samningum sem liggja fyrir og í tengslum við hlutverk MN. Hluti af starfsáætlun og þá sérstaklega sýningarhliðin skýrist í takti við aðstæður í samfélaginu og fjármögnun.

Flugmál eru áberandi og þar er verkefnið Norð austur í fullum gangi ásamt því að sérverkefni með erlendum ráðgjafa er í vinnslu. Flugmálin eru einnig háð aðstæðum á þeim mörkuðum sem á að fljúga frá.

Taste North Iceland heldur áfram og eflist.

Norðurstrandarleið leggur áherslu á að nýta „Hero“ upplifanir og Íslandsstofa kemur inn í það. Innviðaverkefni og fundir á næsta leiti. Vörumerkjahandbók verður gefin út á Íslensku. Sögur eru nú þegar birtar á vef Norðurstrandarleiðar.

Demantshringurinn heldur svipuðum takti og Norðurstrandarleið og aukin áhersla á sillur sem tengjast vatni og jarðfræði. Mikil barátta varðandi snjómokstur.

Herferðir innanlands á næstunni ásamt því að fundir með samstarfsfyrirtækjum eru skipulagðir.

Samtal við ferðaskrifstofur er mikilvægt og við hjálpum þeim við vöruþróun með okkar efni. Rafrænar kynningar eru fleiri t.d. í gegnum streymi. Við reiknum eða að halda innlendar „FAM“ ferðir.

Samfélagsmiðlar eru mikilvægir og fleiri herferðir eru í bígerð og sumt efni þýtt.

Uppfærsla á útgefnu efni.

Nýtt myndefni verður unnið með sér áherslum.

Innviðaverkefni verða unnin áfram og þar má nefna sjálfbærni áfangastaðarins, sveitir norðurlands, skilti, uppskeruhátíð og fleira.

Björn kynnir birtingaráætlun og segir frá markaðsáherslum. Áfangastaðaáætlun lýsir vel aðgerðum og er opinber.

Fundir með MAS í vor.

Starfsáætlun er samþykkt af stjórn.

### **Samningar vegna áfangastaðastofu**

Framkvæmdastjóri kynnir samning MN og FMS.

Ákveðið að fresta kosningu um samning til næsta fundar.

Framkvæmdastjóri kynnir samning MN og SSVN/SSNE. Samningur byggir á eldri samningum við sveitarfélög og SSVN. Útfærsla er enn í vinnslu varðandi fjölda og gerð samninga. Vísað er í samninga við FMS og ANR.

Ákveðið að fresta kosningu um samning til næsta fundar.

### **Staða ferðapjónustunnar**

Dagskrálið frestað fram á næsta fund.

### **Önnur mál**

Umræða um framkvæmd áfangastaðaáætlunar.

Lagt var til að næsti fundur verði eftir viku og þar verði samningsmál rædd og afgreidd og það var samþykkt.

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl 12:27.

Fundarritari HÓK